

Nd.

45. Frumvarp til laga

[43. mál]

um Orlofssjóð aldraðra.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Magnús H. Magnússon.

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Orlofssjóður aldraðra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk sjóðsins er eftirfarandi:

- a) að styðja með framlögum, lánum og annarri fjárhagslegri fyrirgreiðslu orlofs- og sumardvalarstarfsemi fyrir aldrað fólk, sem skipulögð er af sveitarfélögum, félögum, fyrirtækjum eða öðrum þeim sem félagsmálaráðuneytið viðurkennir;
- b) að styðja efnalítið aldrað fólk til þátttöku í slíkri orlofsstarfsemi;
- c) að reka orlofsbúðir fyrir aldrað fólk, og skal menntamálaráðuneytið í því sambandi leggja sjóðnum til yfir sumartímann endurgjaldslaust afnot af húsnæði, vélum og tækjum a. m. k. tveggja heimavistar skóla samkvæmt nánara samkomulagi og ríkissjóður greiða laun starfsfólks og þjónustufólks, en Orlofs- sjóður aldraðra annan rekstrarkostnað.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- a) árlegt framlag úr ríkissjóði eins og það er ákveðið í fjárlögum hverju sinni;
- b) frjáls framlög og aðrar tekjur sem til kunna að falla;
- c) vaxtatekjur.

3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyriræli um starfsemi sjóðsins og stjórnun hans.

Heimilt er að ákveða með reglugerð að framlag eða lánveiting úr sjóðnum skuli bundin því skilyrði, að framlag eða önnur fjárhagsleg fyrirgreiðsla verði jafnframt veitt af viðkomandi sveitarfélagi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangurinn með flutningi frumvarps þessa er að benda á leið til þess að auðvelda öldruðu fólki að njóta þeirrar tilbreytingar, sem orlofsdvöl getur veitt. Er ekki að efa að slík viðleitni er mjög í anda þeirrar stefnu „að bæta lífi við árin“, sem hefur nú mikil áhrif í sambandi við velferðarmál aldraðra.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ýmsum velferðarmálum aldraðs fólks á Íslandi hefur minna verið sinnt en skyldi. Aldrað fólk á Íslandi hefur ekki með sér nein samtök til þess að berjast fyrir hagsmunamálum sínum, eins og ýmsir hópar í þjóðfélaginu eru nú mjög farnir að tíðka. Þetta ásamt ýmsu öðru hefur orðið til þess, að þjóðfélagið hefur leitt ýmis vandamál gamla fólksins hjá sér. Lausn sumra þessara vandamála krefst talsverðra fjármuna, svo sem í vistunar- og hjúkrunarmálum aldraðra, en á því sviði ríkir nánast neyðarástand í landinu. Það neyðarástand þekkja þeir best sem afskipti hafa haft af vistunar- og hjúkrunarmálum gamla fólksins, en margt gamalmennið býr við aðstæður sem ekki verður með orðum lýst. Í miðri þeirri velsæld, sem flestum þegnum íslensks þjóðfélags er búin, er ástandið í vistunar- og hjúkrunarmálum gamla fólksins blettur á samfélaginu sem því miður allt of fáir virðast hafa áhuga á að afmá. Þessi mál eru lítið rædd. Gamla fólkið hefur engin samtök til að fylgja málum sínum eftir; aldraða fólkið á Íslandi er enginn þrýstihópur. Það verður bara að þrauka eins og best það getur við aðstæður sem fullfrískt fólk mundi ekki láta bjóða sér. Er orðið meira en tímabært að þeim málum sé sinnt, og er skylda Alþingis og stjórnvalda að fara nú að snúa sér að málefnum aldraða fólksins, þótt aðrir þjóðfélagsþegnar kunni að hafa hærra um sínar kröfur.

Frumvarpi því, sem hér er flutt, er ekki ætlað að leysa þennan vanda. Samanborið við vandamál þess gamla fólks, sem skortir vistun og hjúkrun við hæfi, er mál það, sem hér er hreyft, smámál. En þó það sé ekki stórt kann það engu að síður að breyta miklu fyrir þá öldruðu Íslendinga sem ekki eiga því að venjast að þjóðfélagið leggi sig í framkróka um að sinna velferðarmálum þeirra.

Til allrar hamingju er margt af öldruðu fólki á Íslandi sem hefur allgóða heilsu, býr ýmist í eigin húsnæði, hjá vandamönnum eða á dvalarheimilum, er vel ferðafært og getur hjálpað sér um flest sjálft. Fyrir margt af þessu fólki vilja dagarnir verða langir og tilbreyting lítil. Efni eru oft af skornum skammti þótt þarfirnar séu ekki miklar.

Sum sveitarfélög og áhugamannafélög reyna að bjóða þessu fólki upp á ýmsa starfsemi til að dreifa huganum, svala athafnaþrá og félagslöngun. Það er þó eðlilega mjög misjafnt hvaða kostir eru á slíku. Meðal vinsælustu starfsemi af þessu tagi eru ýmis ferðalög sem sveitarfélög og áhugaaðilar um velferð gamla fólksins hafa efnt til. Eru þessi ferðalög jafnan vel sótt, fara vel fram og eru þegin með sérstökum þökkum. Eru ferðir þessar með ýmsum hætti, allt frá því, að atvinnubifreiðastjórar, klúbbar eða félagasamtök hafa að venju að bjóða öldruðu fólki í stutta sumarferð því að kostnaðarlausu, og til þess að efna til sérstakra hópferða fyrir aldrað fólk til annarra landa þar sem þjónustan er sérstaklega sniðin við hæfi fullorðinna þátttakenda. Mikil þátttaka og mikil ánægja gamla fólksins með þessu ferðalög sýna best þörfina fyrir slíka þjónustu.

Þjónusta fyrir aldraða af þessu tagi hefur tvíþættu hlutverki að gegna. Í fyrsta lagi er hún ákaflega vinsæl og vel metin af því gamla fólki, sem þjónustunnar nýtur. Hún gefur því færi á kærkominni tilbreytingu, á að blanda geði við annað fólk, á að ferðast og sjá nýtt umhverfi. En slík þjónusta hefur líka annan tilgang sem ekki má vanmeta. Því verður t. d. ekki neitað, að þar sem aldrað fólk býr á heimilum barna sinna fer oft svo, þótt hið aldraða fólk haldi fullri heilsu, að dvöl þess á heimilinu getur verið nokkuð bindandi fyrir heimilisfólkið. Gamalt fólk er ákaflega næmt fyrir slíku og verður fljótt vart, ef því þykir eða hefur grun um að það kunni að vera öðru heimilisfólki byrði. Hefur aldraða fólkið oft miklar áhyggjur af þessu og tekur slíkt mjög nærri sér.

Með því að gefa þessu aldraða fólki, sem hefur góða heilsu og er vel ferðafært, kost á að bregða sér frá í orlof eins og annað fólk gerir, leysir það einnig þennan vanda, sem ekki má vanmeta.

Flutningsmenn frumvarpsins telja mikilvægt að sú starfsemi að velferðarmálum aldraðra, sem unnin hefur verið af sveitarfélögum og áhugamannaáðilum, verði áfram í þeirra hendi, en telja rétt, að ríkisvaldið komi með einhverjum hætti til móts við þessa aðila, sýni skilning og velvilja á starfi þeirra og auðveldi þeim að veita hina mikilsverðu þjónustu í velferðarmálum gamla fólksins. Hér þarf ekki að vera um fjárfrekar aðgerðir að ræða, eins og t. d. framkvæmdir í byggingu dvalarheimila og hjúkrunarheimila hljóta óhjákvæmilega að vera. Er í frumvarpinu lagt til að hafa reglur um slíkan stuðning sem frjálsastar, því að það verður að vera á mati félagsmálaráðherra og ráðuneytis hans hverju sinni, hvaða starfsemi þurfi og eigi að styðja með slíkum hætti, og á valdi Alþingis, hversu miklu fé eigi að ráðstafa. Áhersla er lögð á að hér er alls ekki lagt til að stofnuð verði nein sjálfvirk úthlutunarstofnun peninga sem menn gætu gengið í að vild, heldur sjóður, sem gæti eftir efnum og ástæðum lagt lið starfi sveitarfélaga, áhugamanna og annarra þeirra aðila sem vilja leggja fram sitt lið til þess að gera líf gamla fólksins ríkara að tilbreytingu.

Þá er einnig í frumvarpinu gert ráð fyrir því, að unnt sé og heimilt verði, ef ástæður þykja til og áhugi er á, að starfrækja einn eða fleiri af hinum vel búnu heimavistarskólum hins opinbera sem sumardvalarheimili fyrir aldrað fólk. Er í frumvarpinu lagt til að eins konar tilraun verði gerð með starfrækslu slíks orlofsheimilis í tveimur skólum, þar sem menntamálaráðuneytið greiði laun starfsfólks, húsnæðisaðstöðu, ljós, hita og annað slíkt, en Orlofssjóður aldraðra og hugsanlega sveitarfélög eða gamla fólkið sjálft, ef unnt er, annan rekstrarkostnað.

Að sjálfsögðu má fá slíkum aðgerðum af opinberri hálfu annan búning en felst í frumvarpi þessu. Mestu máli skiptir að hugmyndinni, sem hreyft er í frumvarpinu, verði komið til framkvæmda, og eru flutningsmenn frumvarpsins að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að fallast fyrir sitt leyti á allar þær breytingar sem nánari athugun mundi leiða í ljós að æskilegt eða eðlilegt væri að gera á málinu til að tryggja framgang þess.